

# FUNDARGERÐ BÆJARRÁÐS

## Fundur nr. 1826

Ár 2009, þriðjudaginn 22. desember kl. 16:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarstjóra í Ráðhúsinu.

**Fundinn sátu:** Anna G. Edvardsdóttir, Baldur S. Einarsson, Soffía Vagnsdóttir og Elías Jónatansson, bæjarstjóri sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

**1. Söluframlög Varasjóðs húsnæðismála 2009.**

Bréf dags. 9. desember frá Varasjóði húsnæðismála, þar sem tilkynnt er um að söluframlögum á árinu 2009 hafi verið hætt 24. nóvember síðastliðinn og ekki verði greitt meira í söluframlög á árinu. Þá er minnt á að samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga varðandi Varasjóð húsnæðismála falli úr gildi um næstu áramót.

09 12 014

*Bæjarráð Bolungarvíkur hvetur eindregið til þess að samkomulag á milli ríkisins og sveitarfélaganna verði framlengt.*

**2. Samgönguáætlun 2009-2012, viðskiptaáætlun hafnarsjóðs**

Bréf frá Siglingastofnun, dags. 15.12. 2009, þar sem óskað er eftir viðskiptaáætlunum vegna styrkhæfra verkefna hjá Bolungarvíkurhöfn sem fram koma í Samgönguáætlun.

08 02 036

*Erindinu vísað til hafnarstjórnar.*

**3. Fundargerð heilbrigðisnefndar 11. desember 2009 – gjaldskrá heilbrigðiseftirlits.**

Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, dags. 11. desember 2009 ásamt nýrri gjaldskrá til staðfestingar.

09 12 012

*Gjaldskráin samþykkt.*

**4. Vatnssýni úr Bolungarvík stenst gæðakröfur.**

Bréf dags. 4. des. 2009, sem staðfestir að vatnssýni uppfylli gæðakröfur skv. reglug. nr. 536/01.

09 12 013

*Kynnt.*

**5. Álag á útsvar 2010.**

Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 15. 12. 2009 þar sem ráðuneytið heimilar Bolungarvíkurkaupstað að leggja 5% álag á útsvar á tekjuárinu 2010. Útsvarsprósenta verði því 13,94%.

09 12 001

*Kynnt.*

**6. Leiðbeinandi grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar hækkar um 8,63%.**

Bréf frá Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, dags. 15.12. 2009 þar sem bent er á að leiðbeinandi viðmiðunarfjárhæð ráðuneytisins hafi hækkað í samræmi við neysluverðsvísitölu eða um 8,63% frá því í nóvember 2009.

09 12 018

*Kynnt.*

**7. Áætlun um úthlutun framlaga Jöfnunarsjóðs vegna nýbúafræðslu.**

Bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, dags. 14. desember 2009 þar sem fram kemur að framlag til sveitarfélagsins á árinu 2010 verði kr. 880.000,- vegna 8 nýbúa.

09 12 019

*Kynnt.*

**8. Staðfesting á breytingu á samþykkt um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.**

Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 15. desember 2009 þar sem fram kemur að samþykktin hefur verið send til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.

09 08 009

*Kynnt.*

**9. Önnur mál.**

Fundi slitið kl. 16:45.

**Anna G. Edvardsdóttir**

**Baldur S. Einarsson**

**Soffía Vagnsdóttir**

**Elías Jónatansson**